



**BA-ritgerð**  
**Félagsráðgjöf**

**Fylgdarlaus börn**

Afdrif barna og aðkoma félagsráðgjafa

Ólöf Sjöfn Júlíusdóttir

**Guðbjörg Ottósdóttir**  
**Júní 2016**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

**Fylgdarlaus börn**  
***Afdrif barna og aðkoma félagsráðgjafa***

Ólöf Sjöfn Júlíusdóttir

180692-3209

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Fylgdarlaus börn; Afdrif barna og aðkoma félagsráðgjafa

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-prófs í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Ólöf Sjöfn Júlíusdóttir, 2016

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland, 2016

## Útdráttur

Nýlega hefur meiri athygli verið beint að málefnum fylgdarlausra barna þar sem enn fleiri börn en áður í kjölfar flóttamannastraumsins til Evrópu hafa komið þangað fylgdarlaus eftir hættulega ferð frá heimalandi sínu. Reynsla fylgdarlausra barna af flótta frá heimalandi sínu hefur ekki aðeins áhrif á líðan þeirra heldur skipta móttökurnar sem þau fá í nýja samfélaginu einnig máli fyrir líðan þeirra og hvernig þau upplifa sig í nýja þjóðríkinu. Félagsráðgjafar starfa töluvert og beita sér fyrir málefnum fylgdarlausra barna og hafa mikil áhrif á hvernig tekið er á móti þeim. Markmið þessarar ritgerðar er að skoða afdrif barna á flóttuferlinu og kanna hvernig félagsráðgjafar starfa með fylgdarlausum börnum. Leitast er við að svara rannsóknarspurningunum tveimur sem eru: Hver eru afdrif fylgdarlausra barna? Hver er aðkoma félagsráðgjafa að málaflokknum? Niðurstöðurnar sýna að fylgdarlaus börn eru afar berskjölduð fyrir ýmsum hættum sem geta orðið á flóttuferlinu og getur reynsla þeirra af flóttuferlinu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Niðurstöður benda einnig til þess að aðkoma félagsráðgjafa að málefnum fylgdarlausra barna sé margvísileg. Þeir hafa þekkingu og getu til þess að sinna ólíkum þáttum barna hvort sem það er að aðlaga börn að nýja samfélaginu, hugsa um andlega þætti þeirra eða að beita sér fyrir lagalegum réttindum þeirra. Niðurstöður sýna að aðkoma félagsráðgjafa skiptir miklu máli fyrir málaflokk fylgdarlausra barna og að með aukinni aðkomu félagsráðgjafa séu börn líklegri til þess að fá þörfum og réttindum sínum framfylgt.

## Formáli

Þessi ritgerð er skrifuð á vorönn 2016 og er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Sérstakar þakkir fær leiðbeinandi minn, Guðbjörg Ottósdóttir fyrir góða leiðsögn við vinnslu ritgerðarinnar. Þá þakka ég Þorkeli Erni Ólasyni kærlega fyrir prófarkalestur og góðar ábendingar varðandi ritgerðina. Einnig vil ég þakka móður minni, Ásu Ásgrímsdóttur, föður mínum, Júlíusi Elliðasyni og kærasta mínum, Unnari Vilhelm Karlssyni, fyrir mikinn stuðning í gegnum námið. Að lokum vil ég þakka samnemendum mínum Elínbjörgu Ellertsdóttur og Katrínu Ósk Þorsteinsdóttur fyrir góða hvatningu og samvinnu á námstímanum.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>4</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Hugtök og skilgreiningar</b> .....	<b>8</b>
2.1 Börn án fylgdarmanns.....	8
<b>3 Ástæður fyrir flóttu</b> .....	<b>10</b>
<b>4 Flóttuferlið</b> .....	<b>13</b>
4.1 Aðstæður í flóttamannabúðum.....	13
4.2 Áhætta fyrir því að börn hneppist í mansal.....	15
4.3 Afleiðingar flóttans.....	17
<b>5 Móttökur nýja samfélagsins</b> .....	<b>20</b>
<b>6 Aðkoma félagsráðgjafa í starfi með fylgdarlausum börnum</b> .....	<b>24</b>
6.1 Réttindi fylgdarlausra barna til velferðarþjónustu og hæfni félagsráðgjafa til aðkomu.....	24
6.2 Stuðningur félagsráðgjafa við aðlögun fylgdarlausra barna.....	26
6.3 Áskoranir félagsráðgjafa í starfi með fylgdarlausum börnum.....	27
6.4 Rannsóknir á aðkomu félagsráðgjafa.....	29
<b>Umræður og lokaorð</b> .....	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>34</b>

## 1 Inngangur

Á undanförunum árum hefur fylgdarlausum börnum, sem flytjast búferlum innan og utan landamæra Þjóðríkja, fjölgað verulega í heiminum. Á árinu 2013 sóttu 25.300 fylgdarlaus börn um alþjóðlega vernd víðsvegar í heiminum, en það er hæsta tala sem hefur sést síðan eftir seinni heimsstyrjöldina. Börn sem sóttu um alþjóðlega vernd sem flóttamenn undir skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sama ár voru fleiri en verið hafa í áratug þar sem 50%, eða um helmingur flóttafólksins, voru börn (United Nations High Commissioner for Refugees, 2014). Fylgdarlausum börnum hefur fjölgað í nágrennaríkjum okkar og bendir margt til þess að einnig megi búast við slíkri aukningu á Íslandi þar sem fleiri börn en áður flýja heimaland sitt án fylgdarmanns (Skýrsla um vegalaus börn, 2004).

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að börn verða viðskila við forráðamenn og fjölskyldumeðlimi en fylgdarlaus börn er einkar viðkvæmur hópur flóttamanna. Þau eru langt frá sínum nánustu og njóta ekki umönnunar og verndar þeirra, sem þau þurfa sem börn og því er öryggi þeirra í hættu. Í fólksflutningum standa börnin því oft frammi fyrir ýmsum hættum (International Committee of the Red Cross, 2004). Það sem börnin upplifa meðan á fólksflutningnum stendur getur haft ýmsar afleiðingar í för með sér, þar sem þau geta átt við andlega og félagslega erfiðleika að stríða í kjölfar reynslu sinnar. Aðstæður í nýja landinu geta einnig verið börnunum erfiðar þar sem réttarstaða þeirra getur verið óljós og börnin geta upplifað óvissu með framtíð sína. Félagsráðgjafar leika stórt hlutverk í aðkomu barnanna í nýja þjóðríkinu (Carlson og Klimek, 2012). Félagsráðgjafar fá kennslu í ólíkum fræðigreinum sem þeir beita í barnaverndarstarfi og er félagsráðgjöf eina starfsstéttin sem hlýtur faglega kennslu í barnavernd (Anni G. Haugen, 2008). Félagsráðgjafar starfa með heildarsýn að leiðarljósi og hafa þekkingu á þörfum og réttarstöðu barna. Þeir hafa þjálfun í að sinna ólíkum félagslegum þörfum einstaklinga og eru því vel í stakk búnir til að sinna málefnum fylgdarlausra barna (Carlson og Klimek, 2012). Vegna aðstæðna og reynslu barnanna mæta félagsráðgjafar ýmsum áskorunum sem þeir þurfa að takast á við í starfi sínu með börnunum (Newbigging og Thomas, 2011).

Höfundur fékk áhuga á því að skrifa um málefni fylgdarlausra barna eftir að hafa setið áfanga í fjölmeningarfélagsráðgjöf í Háskóla Íslands. Mikil umræða var í samfélaginu í lok árs 2015 um flóttamenn þar sem höfundur fékk innsýn í lífsreynslu barna á flótta. Í kjölfarið vaknaði áhugi á því að skoða betur afdrif fylgdarlausra barna og hvaða afleiðingar flóttinn gæti

haft á þau. Höfundur ákvað einnig að varpa ljósi á það hvernig félagsráðgjafar starfa fyrir málaflokk fylgdarlausra barna og skoða hvernig börnin upplifa þjónustu þeirra.

Í þessu BA-verkefni er markmiðið að skoða afdrif barna á flóttuferlinu og kanna hvernig félagsráðgjafar starfa með fylgdarlausum börnum. Leitast er við að svara rannsóknarspurningunum tveimur sem eru: Hver eru afdrif fylgdarlausra barna? Hver er aðkoma félagsráðgjafa að málaflokknum? Fyrsti kaflinn hefst á því að skilgreint er hvað felst í hugtakinu „börn án fylgdarmanns“ og hvernig hugtakið er skilgreint á ólíkan hátt eftir sumum þjóðríkjum Evrópu. Í öðrum kafla verður fjallað um þær margvíslegu ástæður sem leiða fylgdarlaus börn til að leggja af stað á flóttu. Í þriðja kafla verður farið yfir flóttuferli barna þar sem skoðaðar verða þær hættur sem börnin geta orðið fyrir á flóttanum. Í fjórða kaflanum verður fjallað um það hvaða afleiðingar flóttinn getur haft fyrir börnin, bæði andlegar og félagslegar. Í fimmta kafla verður farið yfir þær móttökur sem börnin fá í nýja landinu og skoðað hvernig þær geta haft áhrif á líðan þeirra. Í sjötta kafla verður síðan kannað hver aðkoma félagsráðgjafa er að málefnum fylgdarlausra barna og athugað hvernig þeir starfa með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman í umræðu og lokaorðum. Ritgerðin er heimildaritgerð. Við upplýsingaöflun var notast við ýmis fyrirbyggjandi gögn, þar á meðal ritrýndar greinar, bækur, lög og skýrslur frá stofnunum sem tengjast málaflokki fylgdarlausra barna.



## 2 Hugtök og skilgreiningar

Skilgreiningin á fylgdarlausum börnum er útfærð á mismunandi vegu eftir þjóðríkjum (International Organization for Migration, 2008). Til þess að öðlast skilning á því hvað felst í hugtakinu verður í þessum kafla farið yfir skilgreininguna eins og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur sett hana fram ásamt því að skoða mismunandi útfærslur á skilgreiningunni eftir þjóðríkjum.

### 2.1 Börn án fylgdarmanns

Um helmingur flóttamanna í heiminum eru börn. Í seinni heimsstyrjöldinni fjölgaði flóttamönnum og var í kjölfarið byrjað að skilgreina hópa þeirra sem flýja heimili sín vegna hættu sem flóttamenn og þar á meðal mismunandi hópa flóttamanna. Þá fyrst var byrjað að nota hugtakið um fylgdarlaus börn (Rousseau, Montgomery og Shermarke, 2001). Hér á landi eru flóttamenn skilgreindir í lögum um útlendinga nr. 96/2002 þannig:

Flóttamaður samkvæmt lögum þessum telst vera útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands; eða sá sem er ríkisfangslaus og er utan þess lands þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur vegna slíkra atburða og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta hverfa aftur þangað (Lög um útlendinga nr. 96/2002, 44. gr.).

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir fylgdarlaus börn (e. unaccompanied child) sem einstaklinga yngri en 18 ára, með þeirri undantekningu ef lögræðisaldurinn er yngri í því landi sem barnið sækir um alþjóðlega vernd, sem eru aðskildir báðum foreldrum sínum og eru ekki í umsjá fullorðins einstaklings sem er skyldugur til að bera ábyrgð á barninu samkvæmt lögum eða venjum (United Nations High Commissioner for Refugees, 1997). Flóttamannastofnunin gerir greinarmun á fylgdarlausum börnum (e. unaccompanied child) og börnum sem hafa orðið viðskila við foreldra sína eða forráðamenn (e. separated child). Það sem aðgreinir þau frá fylgdarlausum börnum er að þau eru ekki í fylgd með foreldrum sínum eða forráðamanni, heldur eru þau í fylgd með fullorðnum einstaklingi sem hefur ekki löglegt forræði og skyldur til að bera ábyrgð á barninu samkvæmt lögum eða venjum (United Nations High Commissioner for Refugees, 2004).

Hér á landi eru fylgdarlaus börn skilgreind í lögum um útlendinga nr. 96/2002 á sama hátt og Flóttamannastofnunin gerir (Lög um útlendinga nr. 96/2002). En skilgreining Flóttamannastofnunar er útfærð á mismunandi vegu hjá ýmsum þjóðríkjum. Það sem er

sameiginlegt í öllum löndunum er að börn án fylgdarmanns eru miðuð við einstaklinga sem eru yngri en 18 ára og að börnin eru án fylgdar fullorðins einstaklings. Það sem er mismunandi eftir þjóðríkjum er hvers konar fullorðinn einstaklingur telst hafa umsjá með barninu svo barnið teljist vera án fylgdarmanns. Taka má sem dæmi að í Austurríki er það skilgreint vera þegar barn er ekki í umsjá einstaklings sem ber ábyrgð á barninu samkvæmt lögum eða venjum. Í Búlgaríu er talað um að barn sé án fylgdarmanns þegar það er ekki í umsjá foreldra sinna eða fullorðins ættingja í þriðja ættlið. Í Tékklandi er skilgreiningin hinsvegar ekki eins afmörkuð þar sem hún felur í sér að börn án fylgdarmanns eru þau sem eru ekki í umsjá fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á barninu (International Organization for Migration, 2008).

Talið er að erfitt sé að vita nákvæma tölu um þann fjölda fylgdarlausra barna sem kemur til Evrópu þar sem ekki sækja öll fylgdarlaus börn um alþjóðlega vernd og eru því óskráð í dvalarlandinu. Í Evrópu eru flest skráð fylgdarlaus börn á aldrinum 14-17 ára og eru drengir þar í meirihluta (UNICEF, 2015). Getur ástæða þess verið að drengir eru taldir hafa betri líkamlega burði til þess að ferðast fylgdarlausir yfir landamæri (Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014). Börn eru ung að aldri þegar þau leggja af stað í hættulega ferð og flýja heimland sitt án fylgdarmanns, og geta verið ýmsar ástæður fyrir því (UNICEF, 2015).

### 3 Ástæður fyrir flóttu

Fylgdarlaus börn flýja heimaland sitt án fylgdarmanns vegna ýmissa ástæðna (Bhabha, 2010; Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014; Rousseau, Montgomery og Shermarke, 2001). Í þessum kafla verður fjallað um þær ástæður sem leiða til flóttans.

Börn sem ferðast án fylgdarmanns er ekki nýtt fyrirbæri í heimi nútímans. Í áratugi hafa börn ferðast fylgdarlaus yfir landamæri vegna ýmissa ástæðna (Rousseau, Montgomery og Schermarke, 2001). Nýlega hefur meiri athygli verið beint að því málefni þar sem börn hafa nú oftast en áður verið að koma fylgdarlaus til Evrópu eftir að hafa upplifað hættulega ferð frá heimalandi sínu þar sem þau hafa orðið fyrir eða orðið vitni að ofbeldi og fátækt. Hefur því verið leitast við að skoða ástæður þess að börnin hafa fyrir því að leggja af stað fylgdarlaus í hættulegt og langt ferðalag frá heimkynnum sínum (Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014).

Fylgdarlaus börn sem flýja þjóðríki sitt hafa orðið sífellt vaxandi vandamál á alþjóðavísu og er það talin afleiðing styrjalda, alvarlegrar fátæktar og náttúruhamfara en einnig vegna þess að þau hafa engin réttindi í þjóðríkinu og líf þeirra er í hættu. Ákveðnir hvatar virðast hafa áhrif á ástæður fyrir því að börnin, sem eru flest á aldrinum 14-17 ára, flýja heimaland sitt. Þeir hvatar geta verið þrá eftir betri lífskjörum þar sem börn flýja í von um bjartari framtíð og möguleika til þess að lifa betra lífi í stöðugu umhverfi. Börnin sækjast eftir að komast í efnahagslegt og félagslegt öryggi þar sem þau hafa aðgang að betri menntun og auknum atvinnumöguleikum (Bhabha, 2010; Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014; Rousseau, Montgomery og Shermarke, 2001). Veikindi og dauði fjölskyldumeðlima getur einnig verið hvati fyrir flutningi barns. Í samfélögum þar sem mikið er um HIV-smit hafa börn verið að flýja þjóðríki til þess að fá betri vinnu og til að geta stutt veika fjölskyldumeðlimi fjárhagslega (Yaqub, 2010).

Samkvæmt Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh (2014) hafa foreldrar einnig átt þátt í því að fylgdarlaus börn flýja heimalands sitt. Foreldrar hafa í þeim tilvikum sent burt þau börn sín sem talin eru búa yfir nægilegum þroska og heilsu og eiga meiri líkur á atvinnu- möguleikum í nýja þjóðríkinu. Það sem einkennir fjölskyldur barnanna, sem send er af foreldrum sínum, er að þær eru almennt fátækar en hafa þó getu til að fá lán til að fjármagna ferðina eða að þær geta ekki fengið lán fyrir ferðinni og selja því land sitt. Í kjölfarið eru væntingar til þess að barnið styðji fjölskyldumeðlimi sína í heimalandi með því að senda fé

heim til fjölskyldu sinnar og styrki þau þannig fjárhagslega (Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014).

Stríðsátök og óöryggi í þjóðríki er annar hvati til að leggja af stað í ferðalagið. Í sumum tilfellum eru átökin þess eðlis að þau neyðast til að flýja þjóðríkið en í öðrum tilfellum getur það verið samspil af átökunum og fleiri þáttum sem er hvati fyrir flóttu. Dæmi um það eru samfélög þar sem börn eru notuð í kynferðislegum tilgangi og þau flýja til að verða ekki fyrir slíku ofbeldi. Vera má að foreldrar hafi einnig sent börn sín í fylgdarlaust ferðalag til þess að forða þeim frá þeim slæmu aðstæðum. En börn geta einnig ákveðið að flýja þjóðríkið og erfiðar heimilisaðstæður óháð vilja foreldra sinna (Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014).

Börn sem hafa flúið þjóðríki og gengið í gegnum flutningsferlið geta haft áhrif á ákvörðun annarra barna sem íhuga að yfirgefa heimili sitt og sækjast eftir betra lífi í öðru þjóðríki án fylgdar fullorðins einstaklings. Þau sem hafa farið í gegnum ferlið geta veitt þeim börnum sem eru í heimalandinu upplýsingar um ferðalagið og er algengt að þau varpi ljósi á góðar hliðar ferðalagsins. Börnin í heimalandinu heyra því sagt frá jákvæðum hliðum ferðalagsins og vilja sameinast hinum börnunum í nýja þjóðríkinu þar sem börnin vilja öðlast sömu möguleika og reynslu og hin börnin hafa fengið í nýja þjóðríkinu (Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014).

Ástæða fyrir að barn verður fylgdarlaust getur einnig verið að það hafi orðið viðskila við foreldra sína eða forráðamenn á flóttuferlinu. Í flóttamannabúðum getur skapast mikil ringulreið sem leiðir til þess að foreldrar týna börnum sínum. Börnin geta líka átt á hættu að skiljast frá foreldrum sínum ef foreldrar þeirra hafa verið fangelsaðir eða kvaddir í herinn (Rousseau, Montgomery og Schermarke, 2001). Aðrar ástæður fyrir því að barn verður fylgdarlaust er þegar ríkisstarfsmenn hafa tekið börn frá foreldrum sínum og flutt í burtu eða þegar smyglarar eða fólk, sem hefur það markmið að selja börnin og græða þannig á þeim, neyðir þau til að flýja þjóðríki sitt (Bhabha, 2010).

Það sem er sameiginlegt með flestum ástæðum barna er að ávinningur ferðalagsins er talinn veita meira en hættunnar sem ferðalagið getur haft í för með sér (Echavez, Bagaporo, Pilongo og Azadmanesh, 2014). Um það má deila hversu mikinn þátt börnin eiga í þeirri ákvörðun að flýja þjóðríki, því að þó að börnin taki meðvitaða ákvörðun um að flýja þjóðríkið þá eru aðstæðurnar í heimalandi þeirra þess eðlis að börnin neyðast til þess að sækjast eftir

betri aðstæðum í öðru þjóðríki (Rousseau, Montgomery og Schermarke, 2001). Ferðalagið frá heimalandi til móttökulands er ekki hættulaust og eru fylgdarlaus börn einkum viðkvæmur hópur andspænis þeim hættum sem geta mætt þeim á ferðalaginu (Echavez, Bagaporo, Pilonigo og Azadmanesh, 2014; Rousseau, Montgomery og Schermarke, 2001). Þessar ástæður verða til þess að börnin leggja af stað fylgdarlaus í hættulegt og langt ferðalag frá heimkynnum sínum (Echavez, Bagaporo, Pilonigo og Azadmanesh, 2014). Vegna þess að börnin eru fylgdarlaus eru þau berskjölduð fyrir ofbeldi, vanrækslu og ýmsum öðrum hættum sem geta orðið á vegi þeirra á flóttanum (United Nations High Commissioner for Refugees, 1993).

## 4 Flóttuferlið

Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna tilheyra fylgdarlaus börn hópi sem skilgreindur er sem viðkvæmur hópur og er það einkum tengt þeim hættum sem steðja að börnum í flóttanum (United Nations High Commissioner for Refugees, 1993). Í þessum kafla verður fjallað um það hvers vegna fylgdarlaus börn eru viðkvæmur hópur og þær hættulegu aðstæður sem þau eru berskjölduð fyrir í flutningsferlinu.

Vitað er að börn þurfa á sérstakri vernd að halda. Börn sem eru fylgdarlaus á flótta eru einkum viðkvæmur hópur vegna ósjálfstæðis þeirra, varnarleysis og þarfa þeirra fyrir þroska og umönnun. Á fyrstu árum sínum eru börnin háð foreldrum sínum með allar sínar þarfir og háð því að fullorðnir tryggi þeim öryggi. Þau eru háð þeim um að frumpörfum þeirra sé fullnægt þar sem forráðamenn þeirra eru skyldugir til þess samkvæmt lögum og venjum að sjá til þess að börn fái ákveðna leiðsögn í lífinu og tækifæri til að þroskast á heilbrigðan hátt. Vegna þess að börn hafa lítinn þroska og getu til þess að sjá um sig sjálf án aðstoðar og vegna þess vana að forræðismenn hugsa almennt um börnin, eru fylgdarlaus börn á flótta sérstaklega varnarlaus (United Nations High Commissioner for Refugees, 1993).

Fylgdarlausar stúlkur eru taldar viðkvæmari hópur en fylgdarlausir drengir, en tölur hafa sýnt að þær eru líklegri til þess að verða fyrir misnotkun og ofbeldi á flóttanum en drengir. Fylgdarlaus börn hafa ekki sömu andlegu og líkamlegu getu eða þroska og fullorðnir til þess að sjá um sig sjálf eða vernda sig í þeim erfiðu aðstæðum sem þau geta orðið fyrir á flóttuferlinu. Fylgdarlaus börn á flótta eru því einkar berskjölduð fyrir misnotkun og ofbeldi af hendi fullorðinna þar sem þau hafa ekki getuna til að verja sig. Börn hafa einnig ekki sömu getu og fullorðnir til þess að hugsa um heilsufar sitt á meðan á flóttanum stendur og eru fylgdarlaus börn því í hættu á að verða fyrir vannæringu á flóttanum (United Nations High Commissioner for Refugees, 1993).

### 4.1 Aðstæður í flóttamannabúðum

Flóttamannabúðum er oft lýst sem stofnunum þar sem fólk býr við óviðunandi húsnæðis- aðstæður, þar sem heilsu þeirra er ógnað sakir skorts á næringu og þægindum. Búðirnar kunna að verið yfirfullar en það leiðir til þess að sumar fjölskyldur fá ekki nægilegar vistir til að sinna grunnþörfum sínum. Í flóttamannabúðum búa fullorðnir og börn við óviðunandi aðstæður þar sem ekki er nægur matur, vatn eða öryggi handa öllum (Carlson, Cacciatore og Klimen, 2012; Kanter, 1995).

Þegar fylgdarlaus börn koma í búðirnar með yngri systkinum sínum hafa eldri systkinin oft þurft að setja sig í stöðu foreldra sinna og þurft að hugsa um yngra systkinið. Vegna þeirra aðstæðna taka eldri börnin á sig aukna ábyrgð þar sem þau takast á við hlutverk sem börn á þeirra aldri þurfa vanalega ekki að gera (Seltzer, 2013).

Í flóttamannabúðum lifa börn einnig við óöryggi sökum ýmissa aðstæðna, svo sem viðvarandi stríðsátaka. Á næturnar heyrast drunur í skriðdrekum og skothvellir sem halda börnunum vakandi og óttaslegnum. Líf í stöðugum ótta getur þar af leiðandi orðið hluti af daglegu lífi barnanna (Woroniecka-Krzyzanowska, 2014). Börnin geta orðið fyrir vanrækslu og ofbeldi í búðunum. Í búðunum er mikið hungur viðvarandi og fylgdarlaus börn eru þar í aukinni hættu þar sem þau hafa oft ekki getu til þess að hugsa um heilsu sína. Í búðunum verða mörg börn vitni að þungbærum atburðum svo sem þegar þau verða vitni að því að fólk eða önnur börn verða fyrir pyntingum og morðum (Carlson, Cacciatore og Klimen, 2012). Bent hefur á að í búðunum eru réttindi einstaklinga ekki virt þar sem fullorðnir og börn lifa við vanrækslu og ótta. Börn sem hafa orðið vitni að erfiðum atburðum óttast að sæta ofbeldi sjálf ásamt því að þau börn sem hafa orðið fyrir pyntingum í flóttamannabúðum óttast frekari pyntingar (Holzer, 2013). Þar sem börn verða oft fyrir vanrækslu í búðunum gefur það fólki með annarlegar hvatir möguleika á að misnota sér aðstöðu barnanna. Aðstaðan í búðunum gerir því það að verkum að einstaklingar í viðkvæmri stöðu, svo sem konur og börn, verða háð öðrum í búðunum til þess að lifa af (Seltzer, 2013).

Fátækt er algeng í flóttamannabúðum þar sem fólk og börn á flótta þurfa að sjá um sjálf sig. Fullorðnir einstaklingar hafa þá verið að leita á börn í skiptum fyrir öryggi eða mat. Þegar mikið er um fátækt neyðast stúlkur og drengir oft út í það að selja líkama sinn í skiptum fyrir mat eða vernd til þess að sjá fyrir sér og til þess að komast af (Okanlawon, Reeves og Agbaje, 2010). Sjá má dæmi um slíkar aðstæður þar sem barn selur líkama sinn til þess að lifa af í skýrslunni *Voices of child migrants* þar sem 11 ára gamall drengur, Faisal að nafni, lýsir reynslu sinni:

At the beginning I stayed with my relative. Subsequently, I started to roam the streets. I soon got involved with bad activities. I once wandered into an unknown area in Dhaka where I came across a few child sex workers. I joined the group and engaged in sex work. I also carried drugs like heroin. Initially, I did not get any work. I used to steal. I have given up stealing now. I lead a risky life. There is no way I can now return to my parents. So I have decided to stay on (Migration DRC, 2005, bls. 12).

Vitað er til þess að börn sem hafa verið í fylgd foreldra sinna hafa einnig verið hvött til þess að selja líkama sinn til þess að hjálpa fjölskyldunni að lifa af í búðunum (Okanlawon, Reeves og Agbaje, 2010). Aðstæðurnar í flóttamannabúðum hafa því í kjölfarið leitt til þess að algengt er að börn í búðunum byrja að stunda kynlíf og taka áhættu í kynlífi þar sem þau nota ekki og hafa oft ekki aðgang að getnaðarvörnum (Okanlawon, Reeves og Agbaje, 2010). Þó að algengast sé að börn séu seld í mansal utan flóttamannabúða þá er líka algengt að einstaklingar komi inn í búðirnar í leit að varnarlausum börnum og konum í þeim tilgangi að hneppa þau í þrældóm (Seltzer, 2013).

#### **4.2 Áhætta fyrir því að börn hneppist í mansal**

Mansal er alþjóðavandamál þar sem þúsundir einstaklinga, og eru þar konur og börn í meirihluta, verða fórnarlömb mansals á ári hverju. Mansal er skilgreint vera þegar einstaklingur hagnýtir sé bága stöðu annars með því að beita hótun, nauðung, frelsissviptingu eða ólögumætum blekkingum í þeim tilgangi að útvega og selja líkama og/eða vinnu þess til annarra (United Nations Office on Drugs and Crime, 2012). Mansal barna á sér langa sögu þar sem heimildir segja frá því að ungar víetnamskar stúlkur hafi verið seldar svo lengi sem frá árinu 1880. Síðan þá hefur mansal aukist með tilkomu hnattvæðingarinnar þar sem auðveldara varð fyrir fólk að flytjast á milli þjóðríkja (Doung, 2012). Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna kemur fram að fórnarlömb mansals koma víðsvegar að úr heiminum. Í skýrslunni er sagt frá fórnarlömbum mansals sem komu frá 127 þjóðríkjum og höfðu fundist í 137 þjóðríkjum víðsvegar í heiminum. Fjöldi þeirra fórnarlamba sem hafa verið seld í mansal í heiminum er talinn vera mikill en á þeim tíma sem skýrslan var gerð er talið að að minnsta kosti 2,4 milljónir manna hafi verið fórnarlömb mansals (United Nations Office on Drugs and Crime, 2012).

Umræðan um mansal hefur einkum tengst mansali í kynferðislegum tilgangi, en birtingarmyndir mansals eru einnig aðrar og margvísilegar (Alvarez og Alessi, 2012; Innanríkisráðuneytið, 2013). Fórnarlömb mansals í kynferðislegum tilgangi eru til að mynda að meirihluta konur og börn og af börnum eru það einkum stúlkur sem eru neyddar út í vændi og seldar túristum í barnakynlífsferðum eða í annarskonar kynlífsþrælkun (Doung, 2012). Mansal í þeim tilgangi er talið vera helsta ástæðan fyrir mansali nú, þar sem um 79% af öllu mansali er í kynferðislegum tilgangi (United Nations Office on Drugs and Crime, 2012).



Mansal á sér stað til þess að svara markaðseftirspurn og er vitað til þess að mikil eftirspurn er eftir ódýru og ólöglegu vinnuafli en sú tegund mansals kallast nauðungarvinna. Fullorðnir og börn eru seld í nauðungavinnu og er talið að um 18% af mansali í heiminum sé í þeim tilgangi að selja fólk sem vinnuafli (United Nations Office on Drugs and Crime, 2012). Drengir eru í meirihluta yfir þau börn sem seld eru í nauðungarvinnu og eru þeir oft látnir vinna langan vinnudag án þess að fá greitt fyrir vinnu sína. Þeir hafa ekki viðunandi heimilisaðstæður þar sem þeir búa oft margir saman í litlu rými. Þeir eru vannærðir og beittir líkamlegu ofbeldi og lifa við aðrar aðstæður sem líkja má við þrælahald (Seltzer, 2013). Sjá má dæmi um nauðungarvinnu í skýrslunni *Voices of child migrants* þar sem 14 ára gamall drengur að nafni Ibrahim lýsir reynslu sinni:

After that, an older [classificatory] brother asked me to work for him in Ouagadougou, and so I did. But I ended up working 11 months without any payment. My boss had told me that he would put aside my wages to help me save up but the day I wanted to leave, he started an argument with me to avoid paying me. I'd said that I wished to visit my parents and he'd just shrugged and said that it wasn't his problem, that I could just get up and leave (Migration DRC, 2005, bls. 4).

Birtingarmynd mansals geta einnig komið fram þegar refsiverð hagnýting á líkama annars, svo sem með staðgöngumæðrun, á sér stað í ábataskyni (Innanríkisráðuneytið, 2013). Komið hafa upp tilvik þar sem ungar stúlkur eru seldar til annars þjóðríkis þar sem vegabréf eru tekin af þeim og þær eru þvingaðar til þess að verða ófrískar. Síðan eru börnin sem stúlkurnar fæða seld öðru pari eða einstaklingi fyrir hátt verð. Mansal getur einnig birst í formi líffærasölu á svarta markaðinum. Vitað er til þess að einstaklingar nálgast fátækt, fullorðið fólk og börn og sannfæra þau um að selja líffæri sín til þess að afla sér fjár. Þau eru þá sannfærð um kostina sem það hefur í för með sér án þess að gera þeim grein fyrir þeim alvarlegu afleiðingum sem aðgerðin getur haft í för með sér (Doung, 2012). Mansal er hluti af skipulagðri glæpastarfsemi sem ógnar mannréttindum fólks. Mikill gróði er talinn af mansali þar sem hægt er að selja sömu manneskjuna oftár en einu sinni. Mansal er til komið til þess að svara eftirspurn og meðan eftirspurn er eftir vændi og ódýru vinnuafli er viðhaldið sölu á fólki (Innanríkisráðuneytið, 2012). Þar sem fylgdarlaus börn eru einkum viðkvæmur hópur og standa frammi fyrir ýmsum hættum á flóttuferlinu, geta atburðirnir og áföllin sem þau hafa orðið fyrir eða orðið vitni að, haft djúpstæð áhrif á þau, en slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér (Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012).

### 4.3 Afleiðingar flóttans

Fylgdarlaus börn hafa oft upplifað erfiða atburði meðan á flóttanum stóð. Þau hafa sum orðið fyrir nauðgunum og pyntingum og/eða hafa orðið vitni að því þegar aðrir voru myrtir eða pyntaðir. Slík reynsla eru mikið áfall fyrir börn. Einkum er þessi reynsla erfið þegar börnin eru ekki í fylgd foreldra sinni og upplifa því þessa atburði ein án þess að njóta stuðnings foreldranna. Því kemur ekki á óvart að slíkir atburðir hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér. Fræðimenn hafa sýnt fram á að greina megi ákveðnar andlegar raskanir í kjölfar áfallanna. Algengt er á meðal flóttafólks að það greinist með áfallastreituröskun eftir flóttann og það á einnig við um börn. Töluverður hluti barna, og eru fylgdarlaus börn þar meðtalin, greinast með geðraskanir á borð við áfallastreituröskun og hafa sýnt einkenni líkt og alvarlegan kvíða og þunglyndi (Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012).

Áfallastreituröskun er greind samkvæmt DSM-5 greiningarkerfinu. Hún getur komið í kjölfar atburða þar sem fólk hefur orðið vitni að eða óttast dauða eða hefur orðið fyrir alvarlegum meiðslum eða líkamlegum miska þar sem einstaklingi finnst hann varnarlaus. Einkenni áfallastreituröskunar geta verið þess kyns að viðkomandi endurupplifir áfallið þar sem minningar um það koma reglulega upp og valda einstaklingnum vanlíðan. Martraðir af áfallinu og draumar tengdir því geta bjagað líf viðkomandi og geta lífeðlisfræðileg viðbrögð komið fram við áreitum sem minna á eða tengjast áfallinu. Viðkomandi getur því farið að forðast staði, fólk eða tilfinningar sem minna hann á áfallið og í kjölfarið getur viðkomandi orðið fráhverfur öðru fólki. Einkenni áfallastreituröskunar geta líka komið fram í ofurárvekni þar sem viðkomandi á í erfiðleikum með svefn og einbeitingu, á auðvelt með að pirrast og sýnir ýkt viðbrögð. Öll þessi einkenni geta valdið viðkomandi mikilli vanlíðan og skert virkni hans í daglegu lífi (American Psychiatric Association, 2013).

Sýnt hefur verið fram á að stúlkur sem eru á flótta eru líklegri til þess að þróa með sér áfallastreituröskun í kjölfar áfalla heldur en drengir. Ekki fá samt öll börn áfallastreituröskun í kjölfar áfalla og má tengja ýmsa verndandi þætti við það. Þeir þættir eru ef barn hefur þróað með sér jákvæða ímynd af sjálfu sér, hefur stuðning fjölskyldu og er í samfélagi þar sem unnið er að því að styrkja barnið í kjölfar áfallanna. Sýnt hefur verið að menntun hefur einnig áhrif á það hvort barn þrói með sér þessa röskun þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að þau sem hafa minni menntun séu líklegri til þess að þróa með sér áfallastreituröskun en þau sem hafa meiri menntun (Smid, Lensvelt-Mulders, Knipscheer, Gersons og Kleber, 2011; Eisenbruch,

1988). Talið er að stúlkur séu líklegri til að þróa með sér áfallastreituröskun og eru þær einnig taldar vera líklegri til þess að leita sér hjálpar. Talið er að það sé vegna þess að þær eiga auðveldara en drengir með að tala um tilfinningar sínar við aðra. Ýmsir þættir eru taldir ýta undir að barn leiti sér hjálpar við áfallastreituröskun og er viðhorf barnsins og þekking á röskuninni talin auka líkurnar að það leiti sér hjálpar og viðhaldi meðferð við röskuninni (Bean, Moojiaart og Spinhoven, 2006). Kvíði og þunglyndi er nátengt áfallastreituröskun. Talið er að áfallastreituröskun sé líklegri til þess að koma í kjölfar áfallavaldandi aðstæðna, en þunglyndi væri líklegra til að koma í kjölfar flutningsins sjálfs (Smid, Lensvelt-Mulders, Knipscheer, Gersons og Kleber, 2011).

Talið er að fylgdarlaus börn upplifi meira áfall en börn sem eru í fylgd annarra þar sem þau ganga bæði í gegnum áföllin sem verða á flóttanum og upplifi þau fjarri forráðamönnum sínum. Slík áföll geta haft áhrif á persónuleikaþroska barns þar sem það getur orðið fyrir hlutverkaruglingi, átt erfitt með að treysta fólki og þróað með sér brenglaða tengslamyndun (Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012). Hlutverkaruglingur getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir barn. Barnið getur upplifað sig sem einangrað þar sem það telur sig hvorki vera hluta af heimalandi sínu né nýja þjóðríkinu. Einangrun getur komið í kjölfar þess að ekki hefur tekist vel til við að læra tungumálið í nýja þjóðríkinu eða að börnin hafa orðið fyrir fordómum eða mismunun af einhverju tagi (Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012).

Afleiðingarnar hafa einnig komið fram í hegðun barna þar sem þau börn, sem hafa upplifað erfið áföll, hafa sýnt fram á hegðunarvandamál, átt í erfiðleikum í skóla og átt erfitt með að laga sig að nýja þjóðríkinu. Þau áttu í erfiðleikum með samskipti og að mynda tengsl við bæði fullorðna og börn. Sýnt hefur verið fram á að þau geta átt erfiðara með að eignast vini í nýja þjóðríkinu og hefur sumum fundist þau verða fyrir fordómum annars fólks vegna uppruna síns (Vervliet, Lammertyn, Broekaert, og Derluyn, 2014). Þær afleiðingar hafa oft fylgt börnunum í langan tíma en rannsókn var gerð á flóttabörnum til að skoða afleiðingar áfallsins sem þau urðu fyrir. Rannsóknin sýndi að margir þátttakendur glímdu enn við áfallastreituröskun og alvarlegt þunglyndi þremur árum eftir að þeir urðu fyrir áföllum sem tengdust flóttanum. Þetta sýnir hversu alvarlegar afleiðingar áföllin geta haft í för með sér (Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012). Börn á flótta hafa oft orðið fyrir alvarlegum áföllum á flóttuferlinu. Sum hafa upplifað persónulegan missi þar sem þau hafa misst fjölskyldumeðlimi, vini ásamt heimili sínu og aleigunni. Þau geta einnig upplifað áföll sem snúa að því að þau þurfa

svo að aðlagast nýrri menningu og læra nýtt tungumál í þjóðríki þar sem þau hafa ekki mikil tengslanet. Þau geta skynjað mikla óvissu með framtíð sína og þurfa oft að bíða í langan tíma í óvissu eftir niðurstöðum umsóknar um alþjóðlega vernd, sem getur valdið þeim vanlíðan og auknum kvíða. Þau geta átt á hættu að vera vísað á brott úr nýja þjóðríkinu og getur óvissan um aðstæður í móttökulandinu haft áhrif á líðan barna (Smid, Lensvelt-Mulders, Knipscheer, Gersons og Kleber, 2011; Chase og Sigona, 2016).

## 5 Móttökur nýja samfélagsins

Það hefur mikil áhrif á líðan fylgdarlausra barna hvernig tekið er á móti þeim í móttökulandi. Börnin koma í nýja þjóðríkið í leit að öryggi og stöðugleika og skiptir því máli hvers konar réttindi og móttöku þau fá í nýja þjóðríkinu, bæði á meðan unnið er við umsókn þeirra um vernd og eftir að þau fá stöðu sem flóttamenn eða umsókn þeirra samþykkt á forsendum mannúðarástæðna. Það er mismunandi eftir þjóðríkjum hvernig tekið er á móti börnum, sumstaðar er umsókn þeirra um alþjóðlega vernd samþykkt en annarstaðar er umsókn þeirra synjað (Chase og Sigona, 2016). Í þessum kafla verður fjallað um hvernig móttökur í nýja þjóðríkinu hafa áhrif á líðan fylgdarlausra barna.

Á undanförunum árum hefur verið talið að fylgdarlaus börn séu viljalaus viðföng fullorðinna sem hafa tekið ákvarðanir fyrir þau eða að þau séu fórnarlömb fullorðinna einstaklinga sem hafa nýtt sér viðkvæma stöðu þeirra. Talið er að þessi sýn á börn hafi áhrif á ákvörðunarferlið sem börn ganga í gegnum þegar tekin er ákvörðun um hvaða börn þurfa á alþjóðlegri vernd að halda og hver þurfa þess ekki. Viðtölin eru hönnuð til þess að fá upplýsingar frá börnum með tilliti til þeirrar reynslu sem þau kunna að hafa orðið fyrir. Þó svo að viðtölin hafi verið hönnuð til að taka tillit til líðanar barna þá hefur viðtalsferlið verið gagnrýnt víða, til að mynda í Bretlandi fyrir skort á mannúð og umhyggju fyrir reynslu þeirra (Crawley, 2010).

Þau börn sem ekki eru viljalaus viðföng fullorðinna né fórnarlömb fullorðinna einstaklinga á flóttuferlinu og koma af sjálfsdáðum og á eigin forsendum, geta átt á hættu á að ekki verði litið á þau sem börn sem þurfa á alþjóðlegri vernd að halda. Það getur haft þær afleiðingar að börnum sé neitað um alþjóðlega vernd vegna þess að þau eru ekki talin þurfa á slíkri vernd að halda. Sum börn lýstu ótta sínum yfir því að í kjölfar viðtala við þau yrði reynsla þeirra ekki talin nógu slæm miðað við þá fyrirfram ákveðnu sýn að þau séu viljalaus viðföng fullorðinna eða fórnarlömb fullorðinna einstaklinga. Börnin hafa oft lifað við aðstæður þar sem þau neyðast til að fullorðnast hraðar en önnur börn. Þau njóta ekki sömu verndar og mörg önnur börn og þurfa oft að sjá fyrir sjálfum sér á ýmsan hátt. Börnin hafa því þurft að læra ung að sjá um sig sjálf og þau óttast að sú reynsla muni hafa áhrif á það hvort að þau séu talin vera í raunverulegri þörf fyrir alþjóðlega vernd (Crawley, 2010). Sjá má dæmi um það í umfjöllun Crawley sem lýsir frásögn Angelínu sem er 16 ára og frá Úganda:

When you are young you still survive. You get used to the hard way. The children here are 14 or whatever and they act so childish. Me, I started doing housework and looking after my brother when I was nine. You grow up strong. Because there is so much hardship you grow up strong (Crawley, 2010, bls. 166).

Í viðtali við yfirvöld þegar börnin sækja um alþjóðlega vernd, eru þau spurð ýmissa spurninga. Spurningarnar miða að því að þau geti lýst reynslu sinni og á grundvelli þeirrar reynslu er tekin ákvörðun um það hvort að þau séu í raunverulegri hættu á að sæta ofsóknum eða séu í annars konar hættu í heimalandi sínu og þurfi því raunverulega á alþjóðlegri vernd að halda. Framkvæmd viðtalanna hefur verið gagnrýnd fyrir það að ekki sé tekið nógu mikið mark á börnunum sem einstaklingum. Viðtölin fari fram í ljósi fyrirfram ákveðinna hugmynda um börn og útskýringa á því hvort barn sé fórnarlamb eða ekki, í stað þess að hlustað sé á börnin og reynt að komast að því hvernig þau hafa upplifað reynslu sína (Crawley, 2010). Sjá má dæmi um slíka reynslu í umfjöllun Crawley sem lýsir frásögn hins 16 ára gamla Michel sem hafði flúið frá Rúanda:

The way I was treated in the first place [at the screening unit], it really made me disgusted with the process. I know that whatever is said there is not a grain of truth they would take out of it. I gave it my best shot but I knew it was just a process and they had already made a decision... No, they didn't want to hear what happened to you. They structure questions in a way which is not clear. They are not interested in what you have told them. They are only interested in their own issues. They are doing the interview in the best interests of the Home Office (Crawley, 2010, bls. 166).

Michel hafði verið stríðsmaður hjá uppreisnarhópi í heimalandi sínu, sem leiddi til þess að hann var fangelsaður og pyntaður af stjórnvöldum. Þá sleptu stjórnvöld honum og hann fór síðan í endurhæfingu áður en hann sótti um alþjóðlega vernd í Bretlandi. Hann gagnrýndi spurningarnar í viðtalinu þar sem þær snérist aðallega um menntun hans og stöðu og gerð fjölskyldu hans. Honum fannst spurningarnar snúa að öðrum hlutum en reynslunni sem hann hafði orðið fyrir og þeirri hættu sem hann var í í heimalandi sínu. Viðtölin voru því gagnrýnd fyrir það að þau miðuðu ekki að því að komast að reynslu barna eða hvaða hættu þau gætu lent í í heimalandi sínu (Crawley, 2010).

Viðtölin hafa einnig verið gagnrýnd fyrir það að taka ekki tillit til annarra hluta sem geta haft áhrif á frásögn barnanna. Mörg börn þekktu ekki kringumstæðurnar sem þau voru að flýja eða aðstæðurnar í heimalandinu, vegna þess að þau nutu þar verndar foreldra sinna og gátu því ekki í viðtalinu sjálfu sagt frá öllum þeim hættum sem að steðjuðu. Önnur börn fundu fyrir mikilli streitu í viðtölunum og gátu átt erfitt með að skýra frá reynslu sinni og aðstæðum í

heimalandinu (Crawley, 2010). Sjá má slíka reynslu af viðtali í umfjöllun Crawley sem lýsir frásögn Joseph sem er 14 ára gamall drengur frá Rúanda:

The first interview was a week after I came and I was just on my own... The interview didn't go well. When I came for my interview they just put me in a room and that was it. They didn't really tell me I was applying for asylum. They just started asking questions... The guys who were doing the interview kept laughing at me. I had my education in Kenya and I couldn't work out the years because I was so stressed... I missed some questions and I felt bad because they would just laugh at me. They kept saying 'why are you crying? This won't help you' (Crawley, 2010, bls. 165).

Einnig gætu þau börn sem upplifðu áföll á flóttanum átt erfitt með að tala um atburðina svo skömmu eftir að þeir gerðust og verður að taka inn í myndina að þó svo að börnin segi ekki frá þeim áföllum sem þau hafa orðið fyrir á meðan flóttanum stóð, þá gætu þau samt sem áður hafa orðið fyrir þeim og séu því í þörf fyrir alþjóðlega vernd. Sjá má að það skiptir máli fyrir líðan barna hvernig aðstæður eru í móttökulandinu. Börnunum getur fundist að ekki sé hlustað á þau né tekið mark á reynslu þeirra eða að þau telji sig misskilin. Þau finna fyrir streitu í viðtölunum og eru hrædd um að hafa klúðrað spurningunum vegna þess álags sem fylgir viðtalinu. Þessi fyrirframgefna sýn á að fylgdarlaus börn séu viljalaus viðföng fullorðinna eða fórnarlömb fullorðinna einstaklinga frekar en einstaklingar sem geta tekið ákvarðanir á eigin forsendum, hefur áhrif á hvaða skoðanir móttökuríki móta sér um hvort flótti barnanna sé ástæðuríkur eða ekki. Þó svo að mörg börn hafi verið fórnarlömb fullorðinna einstaklinga á flóttanum, eru önnur sem eru það ekki en hafa þó átt erfiða tíma í heimalandi sínu og þurfa í raun á alþjóðlegri vernd að halda þó svo að viðtölin segi annað. Þessi börn, sem hafa ekki verið slík fórnarlömb, sæta því eins konar mismunun þar sem þeim er ekki veitt sú mannúð og umönnun sem þau sóttust eftir með því að flýja heimaland sitt (Crawley, 2010).

Sum börn lenda í þeim aðstæðum að þeim er hleypt inn í þjóðríki og boðin aðstoð, en um leið og þau verða fullorðin lagalega séð, þá oftast við 18 ára aldur, er þeim vísað í burtu. Þeim er því boðið tímabundið leyfi til dvalar á meðan þau eru enn börn í laganna skilningi en missa svo þau réttindi sem þau höfðu varðandi öryggi og vernd til handa þeim sem enn eru á barnsaldri. Eftir að hafa fullnýtt réttindi sín sem börn í móttökulandinu kann svo að fara að þau verði rekin úr þjóðríkinu og neydd til að flytjast aftur til heimalands síns. Hafa sum börn tekið þá ákvörðun að flýja móttökuland sitt áður en þeim hefur verið vísað í burtu (Chase og Sigona, 2016). Þessi staða veldur fylgdarlausum börnum miklu óöryggi þar sem þau búa við þá óvissu um stöðu sína við 18 ára aldur (Crawley, 2010).

Börn hafa lýst yfir ofsóknum og erfiðum atburðum þar sem þau hafa verið beitt valdi við brottrekstur þeirra úr þjóðríki. Eftir að hafa lagt á sig fylgdarlausu ferðalagið og alla þá áhættu og afleiðingar sem flóttinn getur haft í för með sér, eru þau neydd til þess að snúa aftur til landsins sem þau flúðu. Sum börn ákveða að snúa ekki aftur til heimalands síns af sömu ástæðu og þau flúðu það. Börnin geta þá endað á því að flytjast á milli ríkja eða festast í flóttamannabúðum þar sem þau eiga engan annan samastað. Þau þurfa því að ganga í gegnum ferlið aftur, að flytjast á milli þjóðríkja í von um að geta lifað lífi sínu í öruggum aðstæðum (Chase og Sigona, 2016). Til þess að koma í veg fyrir að börn upplifi vanlíðan í kjölfar erfiðrar reynslu við aðkomu í móttökuland þurfa ýmsir þættir að vinna saman og þar leikur aðkoma félagsráðgjafa stórt hlutverk (Englund, 2011).



## **6 Aðkoma félagsráðgjafa í starfi með fylgdarlausum börnum**

Reynsla fylgdarlausra barna af flóttu frá heimalandi sínu hefur ekki aðeins áhrif á tilfinningalega líðan þeirra og heilsu. Þær móttökur sem börnin fá í nýja samfélaginu sem þau hafa fengið vernd í eða þar sem þau bíða eftir úrskurði á umsókn um alþjóðlega vernd, hafa einnig mikil áhrif á það hvernig börnin upplifa sig í nýja þjóðríkinu og sú reynsla hefur áhrif á líðan þeirra. Félagráðgjafar beita sér töluvert fyrir málefnum fylgdarlausra barna og eiga stóran þátt í móttöku þeirra (Newbigging og Thomas, 2011). Í þessum kafla verður fjallað um aðkomu félagsráðgjafa að málefnum fylgdarlausra barna.

Umsóknarferlið í nýju þjóðríki getur reynst flókið og þá einkum fyrir börn sem koma fylgdarlaus í nýtt þjóðríki. Fylgdarlaus börn eru talin sérstaklega valdalaus hópur þegar þau sækja um alþjóðlega vernd því þau eru bæði flóttamenn og börn. Sem flóttamenn geta þau mætt þeim fordómum að þeim sé ekki treystandi þar sem þeim er oft ekki trúnað til að greina rétt frá aldri sínum. Einnig er þeim oft ekki veitt tækifæri til þess að segja frá lífsreynslu sinni og eru þau frekar stimpluð með ákveðna reynslu í staðinn. Sem börn eru þau einnig valdalaus þar sem þau geta oft ekki talað máli sínu eða varið sig sjálf í því lagalega samhengi sem þau standa frammi fyrir sem fylgdarlaus börn. Hér gegna félagsráðgjafar stóru hlutverki sem málsvarar barna þar sem þeir beita sér á ýmsan hátt fyrir málefnum þeirra, þeir koma að ýmsum grunnstuðningi og eru oft málstjórar í málum þeirra sem tengjast velferðarstuðningi og barnavernd (Englund, 2011).

### **6.1 Réttindi fylgdarlausra barna til velferðarþjónustu og hæfni félagsráðgjafa til aðkomu**

Réttindi fylgdarlausra barna á Íslandi fellur undir stefnu Félagsmálaráðuneytis um aðlögun innflytjenda. Þar kemur fram að markmið ríkisstjórnar sé að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífs. Til að styrkja lífsgæði íbúa gegna stofnanir mikilvægu hlutverki með því að vernda heilbrigði, öryggi og velferð íbúa eða með því að veita menntun og jöfn tækifæri. Að því gefnu er lagt upp úr því að innflytjendur, þar á meðal fylgdarlaus börn, fái jöfn tækifæri til velferðar á við aðra. Í því felast ekki nauðsynlega sömu úrræði heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Til að mynda er lögð áhersla á jafnrétti til náms og byggist það á því að börn fái nám og kennslu við hæfi (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Réttindi fylgdarlausra barna eru einnig nefnd í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur fram að þjóðríki eigi að veita fylgdarlausum börnum sem óska eftir alþjóðlegri vernd, bæði vernd og aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem þeim ber samkvæmt Barnasáttmálanum og öðrum mannréttindasamningum. Einnig eiga þau rétt á sömu vernd og umönnun og önnur börn en Barnasáttmálinn leggur áherslu á fjölskyldusameiningu og að aðstoða eigi börn við að finna upplýsingar um foreldra eða fjölskyldu sína svo þau geti sameinast þeim (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992). Félagsráðgjafar vinna með sýn Barnasáttmálans að leiðarljósi um að öll börn eigi rétt á umönnun og öryggi og felst vinna þeirra í því að sjá til þess að fylgdarlaus börn njóti sömu réttinda og öryggis og önnur börn. Félagsráðgjafar telja að mikilvægt sé að líta á fylgdarlaus börn sem börn fyrst og fremst, og þó að þau sækist eftir alþjóðlegri vernd þá eigi ekki að skilgreina þau út frá því að þau séu hælisleitendur, heldur börn (Kohli, 2002; European Social Network, 2005).

Félagsráðgjafar eru vel í stakk búnir til að sinna málefnum fylgdarlausra barna og sjá til þess að réttindi þeirra séu tryggð. Þeir fá kennslu í ólíkum fræðigreinum sem þeir beita í barnaverndarstarfi og er félagsráðgjöf eina starfsstéttin sem fær faglega kennslu í barnavernd (Anni G. Haugen, 2008). Félagsráðgjafar notast við heildarsýn (e. holistic approach) í starfi sínu og gera sér grein fyrir því að ólíkir þættir geta haft áhrif á fylgdarlaus börn (Newbigging og Thomas, 2011). Með heildarsýn að leiðarljósi vinna þeir með marga þætti sem snúa að velferð barna. Þeir vinna með andlega heilsu þeirra, félagslega þætti, aðgengi að húsnæði og lagaleg réttindi þeirra ásamt því að beita sér gegn mismunun og fordómum í samfélaginu (National Association of Social Workers, 2014).

Félagsráðgjafar hafa sérþekkingu á menningarhæfni (e. cultural competence). Menningarhæfni er leiðarljós félagsráðgjafa og felur fyrst og fremst í sér að félagsráðgjafar séu meðvitaðir um eigin viðhorf og gildi um ólíkan menningaruppruna. Þeir hafa þekkingu á menningu og sögu mismunandi hópa og bera virðingu fyrir margbreytileika einstaklinga en talið er að menningarhæfni auki líkur á að samvinna við fylgdarlaus börn byggist á trausti og öryggi (National Association of Social Workers, 2001). Félagsráðgjafar hafa sérþekkingu á menningarhæfni og búa því yfir þekkingu á ólíkum uppeldisaðferðum og ólíkum kynslóða- og kynhlutverkum í heiminum, sem gerir þeim kleift að skilja aðstæður og hefðir barnanna sem komin eru í nýja samfélagið (National Association of Social Workers, 2001; Newbigging og Thomas, 2011).

Félagsráðgjafar hafa einnig þekkingu á réttindum, þroska og líðan barna og vinna í því samhengi við að veita stjórnvöldum upplýsingar um þau lagalegu réttindi fylgdarlausra barna sem hafa áhrif á ákvarðanir um örlög þeirra. Þeir geta því barist fyrir mannúðlegum stöðlum og andæft brottrekstri barnanna úr þjóðríki (Englund, 2011). Börnin geta verið í lífshættu í heimalandi sínu sem þau eru neydd til að snúa aftur til þegar þau eru rekin úr þjóðríki. Félagsráðgjafar sem hafa þekkingu á lagalegum réttindum barna geta beitt sér fyrir því að þau séu ekki neydd til að flytja af landi brott þar sem þau gætu átt rétt á því að njóta verndar mannúðarsjónarmiðsins (Kohli, 2002). Félagsráðgjafar tala því fyrir mannréttindum barnanna og stuðla að því að þörfum þeirra sé sinnt (Englund, 2011).

Fylgdarlaus börn geta átt erfitt með að tala máli sínu og því starfa félagsráðgjafar sem málsvarar fyrir börnin. Þeir gera það með því að hafa áhrif á stefnumótun málaflokksins þar sem þeir hvetja stjórnvöld til þess að taka ákvarðanir með hagsmuni fylgdarlausra barna í huga. Þeir hvetja stjórnvöld einnig til þess að svara fjölgun fylgdarlausra barna í heiminum með því að auka fjármagn til málaflokksins. Félagsráðgjafar vinna þannig markvisst fyrir málaflokk fylgdarlausra barna og berjast fyrir hagsmunum þeirra til að tryggja að réttindi þeirra séu virt þrátt fyrir þröngan ramma innflytjendalöggjafarinnar (Englund, 2011; National Association of Social Workers, 2014; Kohli, 2002; Newbigging og Thomas, 2011). Félagsráðgjafar starfa ekki einungis við málaflokk fylgdarlausra barna, heldur starfa þeir einnig með börnunum sjálfum þar sem þeir hjálpa þeim við að aðlagast nýju samfélagi (Newbigging og Thomas, 2011).

## **6.2 Stuðningur félagsráðgjafa við aðlögun fylgdarlausra barna**

Félagsráðgjafar vinna með velferð barna að sjónarmiði. Þeir vinna að því að koma börnunum fyrir í öruggu umhverfi þar sem þau sæta ekki ofbeldi og vanrækslu, heldur njóta öryggis og umönnunar, svo að þau hafi möguleika á að aðlagast í þroskavænlegu umhverfi (Newbigging og Thomas, 2011; European Social Network, 2005). Fylgdarlaus börn eiga það til að lenda í erfiðleikum við að aðlagast nýja samfélaginu eftir brottförina frá heimalandi sínu (Kohli, 2002). Þau geta átt erfitt með að tileinka sér gildi og viðhorf nýju menningarinnar þar sem vera kann að þeim finnist þau hvorki vera hluti af menningu heimalands síns né menningu nýja þjóðríkisins (Eisenbruch, 1988; Lerner 2012). Til þess að hjálpa börnunum að glíma við þá erfiðleika aðstoða félagsráðgjafar börnin við að finna leiðir til að aðlagast nýja samfélaginu. Þeir reyna að draga fram styrkleika barnanna og gera þeim grein fyrir eigin styrk og getu og vinna þannig með valdeflingu að því að styrkja börnin til sjálfshjálpar. Þeir hjálpa þeim einnig

við að móta eigin sjálfsmynd í nýju samfélagi án þess að glata fjölskyldumenningu og gildum heimalandsins (National Association of Social Workers, 2001; Newbigging og Thomas, 2011).

Félagsráðgjafar veita andlegri velferð barna athygli og tryggja að þau hafi aðgang að upplýsingum. Félagsráðgjafar miðla upplýsingum um þau réttindi, skyldur og úrræði sem standa börnunum til boða og upplýsa börnin um siði og gildi nýja menningarsamfélagsins. Þær upplýsingar sem börnunum er veittar eiga að vera til á mörgum tungumálum en ef upplýsingarnar eru aðgengilegar getur það stuðlað að betri aðlögun barnanna að nýja þjóðríkinu og gefið þeim tækifæri til þess að kynnast gerð samfélagsins (Félagsmálaráðuneytið, 2007; Newbigging og Thomas, 2011). Talið er mikilvægt að börnin læri tungumál nýja þjóðríkisins til þess að aðlögun að því geti farið fram sem fyrst. Þekking á tungumálinu auðveldar börnunum að stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og auðveldar þeim einnig að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Þó að lögð sé áhersla á að börnin læri tungumál nýja samfélagsins þá er það einnig mikilvægt fyrir sjálfsmynd þeirra og líðan að tekið sé tillit til þess að þau hafa þekkingu á erlendi móðurmáli, í stað þess að einblína á vankunnáttu þeirra á nýja tungumálinu (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Félagsráðgjafar hafa þá útvegað börnum orðabækur til hjálpar við tungumálanámið og aðstoðað þau varðandi upplýsingar sem tengjast því (Kohli, 2002).

Í þeim tilgangi að hjálpa börnum að aðlagast nýja samfélaginu hafa sumir félagsráðgjafar tekið börn með sér út að borða eða gefið þeim uppskriftabækur til þess að kynna þeim matarhefðir nýja þjóðríkisins (Kohli, 2002). Félagsráðgjafar hafa skipulagt reglulega viðburði þar sem börn geta gert hluti saman, líkt og að fara á skauta, í sund eða borðað saman. Þessir viðburðir hafa reynst börnunum hjálplegir við að aðlagast samfélaginu og til að kynnast öðrum börnum sem eru í svipaðri aðstöðu og þau sjálf (Stanley, 2001). Félagsráðgjafar aðstoða þá börn einnig við að komast í samband við aðra sem koma úr sama menningarheimi til þess að efla tengsl þeirra við heimaland sitt (Kohli, 2002). Aðkoma félagsráðgjafa að málefnum fylgdarlausra barna er mikil og geta ýmsar áskoranir staðið frammi fyrir félagsráðgjöfum í starfi með þeim (Vervliet, Lammertyn, Broekaert, og Derluyn, 2014; Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012).

### **6.3 Áskoranir félagsráðgjafa í starfi með fylgdarlausum börnum**

Félagsráðgjafar standa frammi fyrir ýmsum áskorunum í starfi sínu með fylgdarlausum börnum, bæði vegna þeirrar ótryggu réttarstöðu sem börnin hafa og vegna þeirra afleiðinga

sem flóttuferlið og reynsla getur haft á líðan barna og stöðu. Fylgdarlaus börn hafa oft orðið fyrir aðskilnaði, missi og ýmsum áföllum á flótta sínum, en það getur haft alvarlegar andlegar og félagslegar afleiðingar í för með sér. Félagsráðgjafar þurfa því að hafa þær afleiðingar í huga þegar þeir vinna að því að hjálpa þeim við að vinna úr reynslu sinni (Vervliet, Lammertyn, Broekaert, og Derluyn, 2014; Carlson, Cassiatore og Klimek, 2012).

Félagsráðgjafar vinna að því að ná jafnvægi með tilliti til alhliða og sérstakra þarfa barnanna. Þeir gera það með því að sýna aðgát þegar þeir nálgast upplýsingar hjá börnunum og ýta ekki á eftir þeim. Þeir veita börnum tengingu á þroskandi hátt og hafa jafnan í huga að mörg þeirra geta átt erfitt með tengslamyndun og að bera traust til annarra. Fylgdarlaus börn geta verið í mikilli óvissu um framtíð sína. Umsóknarferlið þegar þau sækja um alþjóðlega vernd í nýja þjóðríkinu getur reynst þeim erfitt þar sem óvissan um það hvort þau fái umsókn sína samþykka eða ekki, getur valdið þeim miklum kvíða og haft áhrif á það hvernig börnin líta til framtíðar sinnar. Fjölskyldur sumra barna hafa sent þau til annars þjóðríkis til að styrkja möguleika þeirra til náms og fjárhagslegs öryggis og geta börnin farið að efast um að geta staðið undir þeim væntingum þegar umsóknarferlið dregst á langinn (Kohli, 2002).

Fylgdarlaus börn segja oft ekki frá því hvaða áhrif það hafði á þau að þau voru send eða þurftu að flýja frá heimalandi sínu, og þau forðast að segja frá því þegar þau lýsa lífsreynslu sinni. Sum börn vita ekki hvar fjölskyldur þeirra eru og hafa því ekkert samband við þær en önnur börn vita hvar skyldmenni þeirra eru. Þau börn sem vita ekki hvar fjölskyldur þeirra eru hafa reynst ólíklegri til þess að segja félagsráðgjöfum frá því hvaða áhrif það hafði á þau að flytjast frá fjölskyldum sínum, og þau eru líklegri til þess að veita minni upplýsingar um fjölskyldu sína. Félagsráðgjafar eru meðvitaðir um að það getur reynst börnum erfitt að tala um tilfinningar sínar og reyna því að skilja sjónarhorn barnanna. Þau geta átt erfitt með að treysta öðrum og félagsráðgjafar vita að það getur tekið fylgdarlaus börn langan tíma að mynda traust til þeirra og sýna því börnunum þolinmæði. Það veitir sumum börn ákveðið öryggi að láta ekki tilfinningar sínar í ljós en oft á tíðum veldur það þeim einnig ákveðinni byrði. Margt getur togast á í huga barnsins, það getur hafa reynt erfiðan viðskilnað við foreldra sína. Þau geta haft áhyggjur af velferð fjölskyldu sinnar í heimalandinu eða jafnvel fundið fyrir ákveðinni sektarkennd vegna þess að þau eru komin í öryggi annars þjóðríkis á meðan fjölskylda þeirra er enn í hættu í heimalandinu. Þegar félagsráðgjafar vinna með börnunum vita þeir að það getur reynst börnunum erfitt að tala um tilfinningar sínar og reynslu. Það hafa

þeir í huga og vanda því spurningarnar sem þeir beina til barnanna, hvernig og hvenær best sé að spyrja börnin (Kohli, 2002).

Mörg fylgdarlaus börn eiga einnig við andlega erfiðleika að stríða og hafa orðið fyrir félagslegri einangrun í kjölfar þess að þau hafa orðið viðskila við upprunamenningu sína. Félagsráðgjafar hafa þekkingu á þeim erfiðleikum sem fylgja félagslegri einangrun og geta því á grundvelli þekkingar sinnar hjálpað þeim að vinna úr þeim erfiðleikum (Newbigging og Thomas, 2011; European Social Network, 2005). Aðkoma félagsráðgjafa í starfi með fylgdarlausum börnum er margvísileg og standa félagsráðgjafar frammi fyrir ýmsum áskorunum í starfi með þeim, en gerðar hafa verið rannsóknir til þess að kanna hvernig börnin hafa upplifað aðkomu þeirra (Newbigging og Thomas, 2011; Stanley, 2001).

#### **6.4 Rannsóknir á aðkomu félagsráðgjafa**

Rannsókn á þjónustu við fylgdarlaus börn sýndi fram á að þau hafa verið ánægðari með þjónustuna í móttökulandinu þegar félagsráðgjafinn virðir reynslu barnsins og vinnur með því í stað þess að hann vinni eftir ákveðnu formi til þess að afla upplýsinga frá barninu. Rannsóknin sýndi fram á að þegar tekið er á móti börnum í nýju þjóðríki eru þau aldursgreind af félagsráðgjöfum eða öðrum starfsmönnum og hafa börnin lýst því að þeim finnist greiningin kúgandi, eins og verið sé að gefa í skyn að þeim sé ekki treystandi fyrir því að segja rétt frá aldri sínum. Börnin hafa lýst yfir því að þeim finnist að meta skuli aldur þeirra eftir gögnum, og ef þau gögn eru ekki til þá eigi að treysta þeim fyrir að segja rétt til um aldur sinn. Oft líður langur tími áður en börnin eru aldursgreind en slíkt veldur óöryggi hjá þeim og vanlíðan. Rannsóknin sýndi mikilvægi þess að aldursgreiningin fari fram stuttu eftir að börnin koma í nýja þjóðríkið til þess að stuðla að því að ákvörðun um framtíð þeirra í þjóðríkinu verði tekin sem fyrst, til að koma í veg fyrir að óvissan valdi börnunum vanlíðan (Newbigging og Thomas, 2011).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að félagsráðgjafar vinna náið með öðrum aðilum sem koma að málefnum fylgdarlausra barna. Þeir eru til að mynda í nánu sambandi við fósturforeldra sem veita börnum umönnun (Kohli, 2002). Talið er að fylgdarlaus börn fái besta stuðninginn þegar þau eru tekin í fóstur. Það á sérstaklega við um ung og fylgdarlaus börn þar sem sýnt hefur verið fram á að þeim finnst þau örugg í fósturinu og fá þar möguleika til þess að mynda ný tengsl við fólk. Sum börn vilja frekar vera í húsæði þar sem þau njóta meira sjálfstæðis en í fóstur. Þau eru þar í meiri tengslum við önnur börn sem koma úr svipuðum aðstæðum, en

sýnt hefur verið fram á að í slíku húsnæði sé nauðsynlegt að hafa gott eftirlit til að tryggja öryggi barnanna. Þó svo að reynt sé að koma börnum úr svipaðri menningu og með svipaða reynslu saman, þá er það ekki alltaf hægt. Þá er talið mikilvægast að börnin séu í umönnun hjá aðilum sem skilja aðstöðu þeirra og geta veitt þeim þá umönnun sem þau þurfa á að halda (Newbigging og Thomas, 2011).

Rannsókn var gerð í Bretlandi þar sem könnuð var aðkoma félagsráðgjafa að fylgdarlausum börnum þar í landi. Sú rannsókn sýndi að það var mismunandi hversu góða þjónustu félagsráðgjafar veittu börnunum. Sum börn höfðu einungis hitt félagsráðgjafa einu sinni eftir að þau komu í nýja þjóðríkið og höfðu því ekki fengið þá þjónustu sem þau vonuðust eftir. Skortur á slíkri þjónustu hafði þær afleiðingar í för með sér að börnin fundu fyrir vanlíðan þar sem þeim fannst eins og ekki væri verið að hugsa um þau (Stanley, 2001). Sjá má dæmi um slíka reynslu í umfjöllun Stanley sem lýsir frásögn 16 ára drengs:

No one cares about us. My social worker asked me once what I wanted, but it was right at the beginning and I didn't know anything then (Stanley, 2001, bls. 56).

Mikilvægt er að félagsráðgjafar gefi sér tíma til að hitta börnin reglulega til þess að sjá til þess að þörfum þeirra og réttindum sé fullnægt. Börn hafa lýst því að þeim finnist félagsráðgjafar ekki hitta þau eins reglulega og þau vildu. Félagsráðgjafar geta þurft að vinna að mörgum málum samtímis og þar sem fylgdarlaus börn eru ekki líkleg til þess minna á sig getur það orðið til þess að sumir félagsráðgjafar sinni ekki málum þeirra nógu vel (Stanley, 2001). Sjá má dæmi um það umfjöllun Stanley sem lýsir frásögn félagsráðgjafa í Bretlandi:

My experience tells me that in a busy caseload when you've got court deadlines, where you have got a lot of very demanding, damaged children and you have got an asylum-seeker, the asylum-seeker will take very much second place because they are not making any demands. They are going to school, they are not causing you problems, they are not demanding and they are just a case (Stanley, 2001, bls. 60).

Rannsóknin sýndi að þau börn sem voru í reglulegu sambandi við félagsráðgjafa og fengu þá þjónustu sem þau vonuðust eftir að fá, voru líklegri til þess að fá réttindum sínum framfylgt. Börnin lýstu því að þau vonuðust eftir því að hitta félagsráðgjafa oft en þau gerðu þar sem þarfir þeirra geta breyst eftir því sem tíminn líður. Aðkoma félagsráðgjafa að málefnum fylgdarlausra barna er því talin skipta miklu máli þegar kemur að því að tryggja hagsmuni og réttindi barnanna (Stanley, 2001).

## Umræður og lokaorð

Nýlega hefur meiri athygli verið beint að málefnum fylgdarlausra barna þar sem fleiri börn en áður hafa komið fylgdarlaus til Evrópu eftir hættulega ferð frá heimalandi sínu. Markmið þessarar ritgerðar var að skoða afdrif barna á flóttuferlinu og kanna hvernig félagsráðgjafar starfa með fylgdarlausum börnum. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunum tveimur sem eru: Hver eru afdrif fylgdarlausra barna? Hver er aðkoma félagsráðgjafa að málaflokknum? Í ritgerðinni var lögð áhersla á erfiða reynslu barnanna og þær andlegu og félagslegu afleiðingar sem slík reynsla getur haft í för með sér. Rannsóknarspurningunni: Hver eru afdrif fylgdarlausra barna? var svarað í fyrri hluta ritgerðar. Byrjað var á því að skoða hvaða ástæður liggja því til grundvallar að börn freistast til þess að leggja af stað á flóttu, vitandi af hættunum sem þar geta leynst. Í ljós kom að ástæðurnar voru margvísilegar. Í mörgum tilvikum töldu börnin ávinning flóttans vega meira en hætturnar. Deila má þó um að hve miklu leyti þau eiga frumkvæði að þeirri ákvörðun að flýja, því þó að börnin taki meðvitaða ákvörðun um að yfirgefa þjóðríkið þá eru aðstæðurnar í heimalandi þeirra þess eðlis að börnin neyðast til að sækjast eftir betri aðstæðum í öðru ríki.

Í ritgerðinni má sjá að á flóttanum eru fylgdarlaus börn afar berskjölduð fyrir þeim hættum sem geta orðið á flóttuferlinu. Þau eiga á hættu að sæta ofbeldi, pyntingum, vanrækslu og fátækt og svo getur farið að þau verði að búa við stöðugan og daglegan ótta. Vegna þess að börnin eru fylgdarlaus eru þau í aukinni hættu á að vera seld mansali þar sem þau hafa ekki getuna til að verja sig. Reynsla barna á flóttuferlinu getur haft djúpstæð áhrif á þau og haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, þar sem algengt er þau greinist með áfallastreituröskun, alvarlegan kvíða og þunglyndi eftir flóttann. Afleiðingar flóttans geta einnig komið fram í atferli barnanna þar sem þau geta átt við hegðunarvandamál að stríða, lent í erfiðleikum í skóla, átt erfitt með að eignast nýja vini og laga sig að nýja samfélaginu. Þau áföll sem dunið hafa á þeim á flóttanum geta einnig valdið áföllum og vanlíðan þegar kemur að því að þau þurfa að aðlagast nýrri menningu og læra nýtt tungumál í þjóðríki þar sem þau hafa ekki mikið tengslanet. Þau geta upplifað mikla óvissu um framtíð sína þar sem þau þurfa oft að bíða í langan tíma eftir niðurstöðum umsóknar um alþjóðlega vernd, en slíkt getur valdið þeim aukinni vanlíðan og kvíða. Af því gefnu má sjá að afdrif barna eru margvísileg og þau eru afar berskjölduð fyrir þeim hættum sem geta orðið á flóttuferlinu og geta þau upplifað mikla óvissu og vanlíðan við



komu í nýja þjóðríkið. Til þess að koma í veg fyrir að börn upplifi slíka vanlíðan við komuna til móttökulandsins þurfa ýmsir þættir að vinna saman og þar er aðkoma félagsráðgjafa mikilvæg.

Rannsóknarspurningunni: Hver er aðkoma félagsráðgjafa að málaflokknum? var svarað í seinni hluta ritgerðarinnar þar sem sýnt var fram á það að félagsráðgjafar beita sér fyrir málefnum fylgdarlausra barna og eiga mikinn þátt í móttöku þeirra. Þeir eru taldir vel í stakk búnir til að sinna málefnum þeirra þar sem þeir fá kennslu í ólíkum fræðigreinum sem þeir nýta í starfi sínu, en þeir eru eina starfsstéttin sem fær faglega kennslu í barnavernd. Með heildarsýn að leiðarljósi vinna þeir með marga þætti sem snúa að velferð barna. Þeir vinna með andlega heilsu þeirra og hjálpa þeim við að vinna úr þeim áföllum sem þau geta hafa orðið fyrir. Mörg fylgdarlaus börn eiga við andlega erfiðleika að stríða og hafa einangrast félagslega í kjölfar þess að þau urðu viðskila við upprunamenningu sína. Félagsráðgjafar hafa þekkingu á þeim erfiðleikum sem fylgja félagslegri einangrun og reyna á grundvelli þess að hjálpa þeim að vinna úr þeim erfiðleikum. Þeir hafa sérþekkingu á menningarhæfni sem talin er nýtast þeim í starfi með fylgdarlausum börnum, en slík þekking er talin auka líkur á að samvinna við börnin byggist á trausti og öryggi. Þeir vinna einnig með félagslega þætti barna og hjálpa þeim að aðlagast nýja samfélaginu og beita sér gegn mismunun og fordómum í samfélaginu. Félagsráðgjafar telja að mikilvægt sé að horfa á fylgdarlaus börn sem börn fyrst og fremst, síðan sem hælisleitendur.

Fylgdarlaus börn geta átt erfitt með að tala máli sínu og starfa þá félagsráðgjafar sem málsvavar barnanna. Þeir berjast fyrir hagsmunum barna og tryggja að réttindi þeirra séu virt þrátt fyrir þröngan ramma innflytjendalöggjafarinnar. Þeir gera það með því að hafa áhrif á stefnumótun málaflokksins og hvetja stjórnvöld til þess að taka ákvarðanir sem styðja hagsmuni barna, ásamt því að hvetja stjórnvöld til að svara fjölgun fylgdarlausra barna í heiminum með því að veita auknu fjármagni til málaflokksins.

Félagsráðgjafar eru meðvitaðir um að það getur reynst börnum erfitt að tala um tilfinningar sínar og þeir reyna því að skilja sjónarhorn barnanna. Þau geta átt erfitt með að treysta öðrum og félagsráðgjafar vita að það getur tekið fylgdarlaus börn langan tíma að mynda traust til þeirra og sýna því börnunum þolinmæði. Fylgdarlaus börn geta átt í erfiðleikum með að aðlagast nýja samfélaginu og sættast við aðskilnaðinn frá heimalandi sínu. Þá geta börnin átt erfitt með að tileinka sér gildi og viðhorf þess nýja menningarsamfélags sem þau búa nú í og kann að finnast sem þau séu hvorki hluti af menningu heimalands síns né menningu nýja þjóðríkisins. Til þess að hjálpa börnunum að komast yfir þá erfiðleika aðstoða

félagsráðgjafar þau við að finna leiðir til að aðlagast nýja samfélaginu, svo sem með því að veita þeim upplýsingar um menninguna eða með því að skipuleggja viðburði þar sem börnin geta gert hluti í sameiningu, en það hefur sýnt sig að slíkir viðburðir hafa hjálpað börnunum að aðlagast samfélaginu og kynnast öðrum börnum sem eru í svipaðri aðstöðu og þau sjálf.

Í starfi félagsráðgjafa með fylgdarlausum börnum standa þeir oft frammi fyrir ýmsum áskorunum. Fylgdarlaus börn geta hafa gengið í gegnum margt, þau hafa upplifað aðskilnað og missi og orðið fyrir ýmsum áföllum sem geta haft alvarlega afleiðingar í för með sér. Því þurfa félagsráðgjafar að hafa slíka reynslu og afleiðingar í huga þegar þeir vinna með börnunum. Þeir vanda því þær spurningar sem þeir beina til barnanna og huga vel að því hvernig og hvenær best sé að spyrja börnin.

Niðurstaðan er sú að aðkoma félagsráðgjafa að málefnum fylgdarlausra barna er margvísileg. Með vinnu sinni við að móta stefnu málaflokksins með hagsmuni barna í huga hefst starfið áður en þeir fara að vinna með börnunum sjálfum. Þeir hafa þekkingu og getu til þess að sinna ólíkum þáttum í lífi barnanna, hvort sem það felst í því að laga börnin að nýja samfélaginu, huga að andlegri líðan þeirra eða beita sér fyrir lagalegum réttindum þeirra. Af rannsóknum má sjá að fylgdarlaus börn kunna vel að meta aðkomu félagsráðgjafa. Þau börn sem ekki höfðu verið í reglulegu sambandi við félagsráðgjafa vonuðust eftir að hitta þá oft, en það gefur til kynna að þau gera sér grein fyrir þeirri aðstoð sem félagsráðgjafar geta veitt þeim. Rannsóknir sýndu einnig fram á að með reglulegri aðkomu félagsráðgjafa væru börn líklegri til þess að fá þörfum og réttindum sínum fullnægt, en það sýnir að aðkoma félagsráðgjafa skiptir miklu máli fyrir fylgdarlaus börn.

Áhugavert væri að skoða í framhaldinu reynslu barna þar sem þeim yrði fylgt eftir í lengri tíma. Þá væri hægt að gera samanburðarrannsókn þar sem skoðuð væri reynsla og þjónusta við börn eftir því hvaða úrræði þau hafi fengið og athuga þannig hvaða úrræði reynast vel og hver ekki. Einnig væri hægt að skoða reynslu barna af aðlögun að skólakerfinu og kanna hvernig komið er til móts við börnin í grunn- og framhaldsskólum. Með því að auka þekkingu á þeirri þjónustu sem fylgdarlaus börn hafa fengið og reynslu þeirra með tilliti til þeirrar þjónustu, er hægt að gera markvissar úrbætur í málaflokknum.

---

Ólöf Sjöfn Júlíusdóttir

## Heimildaskrá

- Alvarez, B. M. og Alessi, J. E. (2012). Human Trafficking is More Than Sex Trafficking and Prostitution: Implications for Social Work. *Affilia: Journal of Women and Social Work*, 27(2) 142-152. doi:10.1177/0886109912443763
- American Psychiatric Association. (2013). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders* (5. útgáfa). Washington: American Psychiatric Association.
- Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum: IX. bindi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1992). Barnasáttmálinn-heildartextinn. Sótt af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- Bean, T., Eurelings-Bontekoe, E., Mooijaart, A. og Spinhoven, P. (2006). Factors Associated with Mental Health Service Need and Utilization among Unaccompanied Refugee Adolescents. *Administration and Policy in Mental Health and Mental Health Services Research*, 33(3), 342-355. doi:10.1007/s10488-006-0046-2
- Bhabha, J. (2010). Too much disappointing: The quest for protection by unaccompanied migrant children outside Europe. Í J. Kanics, S.D. Hernández og K. Touzenis (ritstjórar), *Migrating alone: unaccompanied and separated children's migration to Europe* (bls. 91-106). Frakkland: UNESCO.
- Carlson, B. E., Cacciatore, J. og Klimek, B. (2012). A Risk and Resilience Perspective on Unaccompanied Refugee Minors. *Social Work*, 57(3), 259-269. doi:10.1093/sw/sws003
- Crawley, H. (2010), 'No one gives you a chance to say what you are thinking': finding space for children's agency in the UK asylum system. *Area*, 42(2), 162–169. doi:10.1111/j.1475-4762.2009.0091
- Duong, K. A. (2012). Human Trafficking in a Globalized World: Gender Aspects of the Issue and Anti-trafficking Politics. *Journal of Research in Gender Studies*, 2(1), 48-65. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1272096082?accountid=135701>
- Echavez, R. C., Bagaporo, L. L. P., Pilongo, R. E. W. L og Azadmanesh, S. (2014). *Why do children undertake the unaccompanied journey?* Sótt af <http://www.unhcr.org/cgi-bin/texis/vtx/home/opendocPDFViewer.html?docid=548ea0f09&query=unaccompanied>
- Eisenbruch, M. (1988). The Mental Health of Refugee Children and Their Cultural Development. *The International Migration Review*, 22(2), 282–300. doi:10.2307/2546651
- European Social Network. (2005). *Promoting inclusion for unaccompanied young Asylum seekers and immigrants – a duty of justice and care*. Brighton: European Social Network.

- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Sótt af [https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna\\_um\\_adlogun\\_innflytjenda.pdf](https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf)
- Holzer, E. (2013). What Happens to Law in a Refugee Camp? *Law & Society Review*, 47(4), 837-872. doi:10.1111/lasr.12041
- Innanríkisráðuneytið. (2004). *Skýrsla starfshóps um vegalaus börn*. Sótt af [https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla\\_um\\_vegalaus\\_born.pdf](https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla_um_vegalaus_born.pdf)
- International Committee of the Red Cross. (2004). *Inter-agency Guiding Principles on Unaccompanied and Separated Children*. Sótt af [https://www.icrc.org/eng/assets/files/other/icrc\\_002\\_1011.pdf](https://www.icrc.org/eng/assets/files/other/icrc_002_1011.pdf)
- International Organization for Migration. (2008). *Exchange of Information and Best Practices on First Reception, Protection and Treatment of Unaccompanied Minors*. Sótt af <http://www.unhcr.org/50aa015b9.pdf>
- Kanter, A. S. (1995). Topics for our times: Life in a refugee camp--Lessons from Cambodia and Site 2. *American Journal of Public Health*, 85(5), 620-621. doi:10.2105/AJPH.85.5.620
- Kohli, R. (2002). Social work with unaccompanied asylum-seeking young people. *Forced Migration Review* 12, 31-33. Sótt af <http://www.fmreview.org/sites/fmr/files/FMRdownloads/en/FMRpdfs/FMR12/fmr12.11.pdf>
- Lerner, A. B. (2012). The educational resettlement of refugee children: Examining several theoretical approaches. *Multicultural Education*, 20(1), 9-14. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1495448268?accountid=135701>
- Lög um útlendinga nr. 96/2002.
- National Association of Social Workers USA (2001). *NASW Standards for Cultural Competence in Social Work Practice*. Sótt af <https://www.socialworkers.org/practice/standards/NASWCulturalStandards.pdf>
- Newbigging, K. og Thomas, N. (2011). Good Practice in Social Care for Refugee and Asylum-seeking Children. *Child Abuse Review*, 20(5), 374-390. doi:10.1002/car.1178
- Okanlawon, K., Reeves, M. og Agbaje, O. F. (2010). Contraceptive use: Knowledge, Perceptions and Attitudes of Refugee Youths in Oru Refugee Camp, Nigeria. *African Journal of Reproductive Health*, 14(4), 17-25. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/868718732?accountid=135701>
- Rousseau, C., Montgomery, C. og Shermarke, M. (2001). Alone in a strange land: Unaccompanied minors and issues of protection. *Canadian Ethnic Studies*, 33(1), 102. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/215637873?accountid=135701>

- Seltzer, A. (2013). Human trafficking: The case of Burmese refugees in Thailand. *International Journal of Comparative and Applied Criminal Justice*, 37(4), 279-293. doi:10.1080/01924036.2013.766531
- Smid, G. E., Lensvelt-Mulders, G. M., Knipscheer, J. W., Gersons, B. R. og Kleber, R. J. (2011). Late-Onset PTSD in Unaccompanied Refugee Minors: Exploring the Predictive Utility of Depression and Anxiety Symptoms. *Journal Of Clinical Child & Adolescent Psychology*, 40(5), 742-755. doi:10.1080/15374416.2011.597083
- Stanley, K. (2001). *Cold comfort: Young separated refugees in England*. Sótt af [https://www.savethechildren.org.uk/sites/default/files/docs/COLD\\_COMFORT.pdf](https://www.savethechildren.org.uk/sites/default/files/docs/COLD_COMFORT.pdf)
- UNICEF. (2015). *IOM and UNICEF Data Brief: Migration of Children to Europe*. Sótt af [http://www.iom.int/sites/default/files/press\\_release/file/IOM-UNICEF-Data-Brief-Refugee-and-Migrant-Crisis-in-Europe-30.11.15.pdf](http://www.iom.int/sites/default/files/press_release/file/IOM-UNICEF-Data-Brief-Refugee-and-Migrant-Crisis-in-Europe-30.11.15.pdf)
- United Nations High Commissioner for Refugees. (1993). *UNHCR Policy on Refugee Children*. Sótt af <http://www.unhcr.org/4e85783e9.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees. (1997). *Guidelines on Policies and Procedures in dealing with Unaccompanied Children Seeking Asylum*. Sótt af <http://www.unhcr.org/3d4f91cf4.html>
- United Nations High Commissioner for Refugees. (2004). *Trends in unaccompanied and seperated children seeking asylum in industrialized countries, 2001-2003*. Sótt af <http://www.unhcr.org/40f646444.pdf>
- United Nations High Commissioner for Refugees. (2014). *UNHCR Global Trends 2013*. Sótt af <http://www.unhcr.org/cgi-bin/texis/vtx/home/opendocPDFViewer.html?docid=5399a14f9&query=16,7%20million%20refugees>
- United Nations Office on Drugs and Crime. (2012). *A Comprehensive Strategy to Combat Trafficking in Persons and Smuggling of Migrants*. Sótt af [https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/UNODC\\_Strategy\\_on\\_Human\\_Trafficking\\_and\\_Migrant\\_Smuggling.pdf](https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/UNODC_Strategy_on_Human_Trafficking_and_Migrant_Smuggling.pdf)
- Vervliet, M., Lammertyn, J., Broekaert, E. og Derluyn, I. (2014). Longitudinal follow-up of the mental health of unaccompanied refugee minors. *European Child & Adolescent Psychiatry*, 23(5), 337-346. doi:10.1007/s00787-013-0463-1
- Woroniccka-Krzyzanowska, D. (2014). The meanings of ordinary in times of crisis: The case of a Palestinian refugee camp in the West Bank 1. *Polish Sociological Review*, (187), 395-410. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1644489894?accountid=135701>
- Yaqub, S. (2010). Assessing the risks in children's independent migration: back to the origins. Í J. Kanics, S.D. Hernández og K. Touzenis (ritstjórar), *Migrating alone: unaccompanied and seperated children's migration to Europe* (bls. 155-172). Frakkland: UNESCO.